

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Janúar 2019

Skráð atvinnuleysi var 3,0% í janúar

Skráð atvinnuleysi í janúar var 3,0% og jókst um 0,3 prósentustig frá desembermánuði. Að meðaltali fjölgaði um 1.182 á atvinnuleysissskrá í janúar 2019 frá janúar 2018, en þá mældist skráð atvinnuleysi 2,4%.

Atvinnuleysi jókst um 0,3 prósentustig frá desember bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni og var 3,0% á höfuðborgarsvæðinu og 2,9% á landsbyggðinni. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í janúar eða 4,8% en minnst á Norðurlandi vestra 1,3%.

Að jafnaði voru 2.940 karlar atvinnulausir í janúar og 2.462 konur. Var atvinnuleysi 2,9% meðal karla og 3,1% meðal kvenna í janúar og jókst um 0,3 prósentustig meðal beggja kynja frá desember.

Í janúar tóku 1.105 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Flestir, eða 449, fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu.


Alls fóru 802 einstaklingar af skrá í janúarmánuði, þar af fóru 448 í vinnu eða um 56%. Alls komu inn 92 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar.

Greiddar voru 1.338 milljónir í atvinnuleysistryggingar í janúar, 1.230 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 70 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 38 milljónir vegna barnadagpeninga.

Í janúar gaf Vinnumálastofnun út 185 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Flest leyfin eru gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræðipekkingar eða sérmenntunar (44%). Þá voru 14 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í janúar 2019 með samtals 72 starfsmenn. Er þetta umtalsverð fækkun frá sama mánuði í fyrra þegar hér störfuðu 368 einstaklingar hjá 51 þjónustufyrirtæki.

Alls voru 2.080 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok janúar eða um 35% allra atvinnulausra. Í janúar 2018 var hlutfall erlendra ríkisborgara 28% allra atvinnulausra.

Skráð atvinnuleysi frá jan. 2017 til jan. 2019




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í janúar og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í janúar mældist eins og fyrr segir 3,0% og voru að jafnaði 5.402 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 556 á atvinnuleysissskrá frá desember. Alls voru í janúar 1.182 fleiri á atvinnuleysissskrá en í janúar 2018.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í janúar eða 4,8% og 3,1% á Norðurlandi eystra, en minnst á Norðurlandi vestra 1,3%.



Alls voru 2.940 karlar að jafnaði atvinnulausir í janúar og 2.462 konur og var atvinnuleysi 2,9% meðal karla og 3,1% meðal kvenna. Atvinnuleysi jókst um 0,3 prósentustig milli mánaða hjá körlum svo og konum.

Alls var 761 einstaklingur á aldrinum 18-24 ára atvinnulaus í lok janúar í ár sem samsvarar um 3,0% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað

um 168 frá janúar 2018 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldersbili var 593.

Lengd atvinnuleysis

Alls hafði 1.081 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok janúar en voru 911 í janúarlok 2018. Hefur þeim því fjölgað um 170 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var um 18% af öllum á atvinnuleysissskrá í janúar í 2019 en um 19,5% í janúar árið 2018.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

1.338 milljónir í janúar

Par af voru:

1.230 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysisstrygginga.

38 milljónir vegna barnadagpeninga.

70 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysisstrygginga.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í janúar 2019 frá janúar 2018 nema í landbúnaði. Mesta fjölgunin var á fjölda atvinnulausra í ýmsri sérhæfðri þjónustu svo og í samgöngum og flutningum, gistiþjónustu og veitingastarfsemi.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum meðal allra starfsstétta frá janúar 2018, mest meðal véla- og vélgæslufólks svo og verkafólks en minnst meðal sérfræðinga svo og sérmenntaðs starfsfólks.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 2.080 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok janúar eða um 35% allra atvinnulausra. Í janúar 2018 var hlutfall erlendra ríkisborgara 28% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 5,9% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 802 einstaklingar af skrá í janúarmánuði, þar af fóru 448 í vinnu eða um 56%. Þá voru 238 (30%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok janúar, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.


Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d voru 32 einstaklingar afskráðir þar sem þeir voru óvinnufærir, 22 einstaklingar fluttu úr landi og 20 fóru í nám.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár




Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 1.153, sem er um 55% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok jan. 2019



Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í janúar 2019



Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi muni aukast lítilsháttar í febrúar og verða á bilinu 2,9% til 3,2%.

Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í desember, 52% voru karlar en 48% konur. Um 83% afskráðra eða 663 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 11% (90) í 6 til 12 mánuði. Um 6% afskráðra (49) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 33%. Um 28% voru 30-39 ára og 23% 50 ára

eða eldri. Fæstir afskráðra voru í aldurshópnum 40-49 ára eða 16%.

Auglýst störf í vinnumiðlun í janúar

Alls komu inn 92 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði landbúnaði og fleiru eða 27 störf. Þá voru auglýst 25 þjónustustörf og 17 störf sérfræðinga eða sérhæfðra starfsmanna af ýmsu tagi. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 72%. Annað er ýmist átaksverkefni, reynsluráðningar eða störf fatlaðra. Flest þessara starfa eða 33% voru á höfuðborgarsvæðinu, 16% á Norðurlandi eystra og 15% á Vesturlandi. Þá voru 36% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	17	18%
Þjónustustörf	25	27%
Afgreiðslustörf	4	4%
Iðnaðarmenn	7	8%
Verkafólk í þjónustu	12	13%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	27	29%
Samtals	92	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.

HÓPUPPSAGNIR

Í janúar var tilkynnt um

2 hópuppsagnir


þar sem 92 starfsmönnum var sagt upp störfum, 59 í upplýsingum og fjarskiptum og 33 í rekstri gistinga- og veitingastaða.

FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR GREIDDI

1.300 milljónir í janúar

til 4.460 foreldra

Í janúar tóku 1.105 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Flestir eða 449 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrágerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá fóru 414 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en nokkrir fóru á tölvu- og bókhaldsnámskeið eða önnur starfstengd námskeið. Þá voru 56 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 39 einstaklingar voru í endurhæfingarárræðum.




Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í janúar unnu 32 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 63 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Loks voru 49 einstaklingar með vinnusamning öryrkja í janúar. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Þeim samningum er ætlað að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum markaði.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í janúar voru gefin út 46 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 29 einstaklingar. Þrír einstaklingar fóru til Spánar og aðrir þrír fóru til Litháen. Þá voru gefin út 11 vottorð til viðbótar til átta annarra ríkja. Í janúar komu fjórir einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slíkt vottorð frá öðrum EES-ríkjum.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, janúar 2019



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í janúar voru gefin út 249 U1 vottorð sem er 120% aukning frá fyrri mánuði. Líkt og oftast áður voru flest vottorðin gefin út til Póllands (133), 37 vottorð voru gefin út til Tékklands og 13 til bæði Litháen og Spánar. Þau sem eftir standa, eða 53 vottorð, voru gefin út til 18 annarra ríkja.

Útflutt réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu eftir löndum, janúar 2019




Útlendingar

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi


Í janúar gaf Vinnumálastofnun út 185 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 65 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 120 leyfi voru framlengd. Flestir sem fengu útgefið

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í janúar 2019



atvinnuleyfi í janúar, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérþekkingar eða 70 leyfi. Þá voru gefin út 29 leyfi vegna skorts á vinnuafli og 26 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í janúar eru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar eða sérmenntunar (44%). Um 21% vegna starfa verkafólks í iðnaði, landbúnaði og fleiru og 19% vegna þjónustustarfa s.s. á veitingahúsum og við umönnun. iðnaði, landbúnaði og fleiru og 19% vegna þjónustustarfa s.s. á veitingahúsum og við umönnun.

Atvinnuleyfi eftir starfsgreinum í janúar 2019



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnuálastofnunar voru 14 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í janúar 2019 með samtals 72 starfsmenn. Er þetta umtalsverð fækkun frá sama mánuði í fyrra þegar hér störfuðu 368 einstaklingar hjá 51 þjónustufyrirtæki. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra, samtals 1.048 í janúar á vegum 24 starfsmannaleiga. Er það einnig töluvert minna en á sama tíma í fyrra þegar hér störfuðu 1.398 starfsmenn á vegum 24 starfsmannaleiga.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnuálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA GREIDDI

58 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota
fyrirtækja í janúar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra